

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 47/1936. **Svanlaug og Hinrik Thorarensen**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál. Frávisun ex officio.

Úrskurður fógelaréttar Reykjavíkur 21. okt. 1935: Hin umbeðna lögtaksgjörð á að ná fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu útgefinni þann 20. apríl 1936 hafa áfrýjendur skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum þann 21. okt. 1935 í fógelarétti Reykjavíkur, og gert þær dómkröfur, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að synjað verði um framgang lögtaksins. Ennfremur krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Það verður að líta svo á, að um áfrýjun úrskurðar þess, er hér um ræðir, gildi ákvæði 11. gr. laga nr. 29 frá 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. síðustu málsg. 3., 8. og 9. gr. sömu laga og 26. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og nú 197. gr. laga nr. 85/1936. Með því nú að 8 vikna áfrýjunarfrestur sá, er nefnd 11. gr. l. nr. 29 frá 1885 mælir fyrir um, var liðinn, þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu var tekin út, og með því ennfremur, að áfrýjendur höfðu fyrir úttekt stefnu þessarar ekki fengið upp-

reistarleyfi, þá verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir bera að dæma áfrýjendur til þess in solidum að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjendur, Svanlaug og Hinrik Thorarensen, greiði in solidum stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Hinrik Thorarensen og frú, Laugaveg 34 A hér í bænum, var gert að greiða útsvar til Reykjavíkur árið 1933, kr. 2300.00, en þau hafa eigi fengið til að greiða útsvarið, þá hefir bæjargjaldkerinn krafist þess, að útsvarið yrði innheimt með lögtaki, en gjörðarþoli hefir mótmælt framgangi gjörðarinnar, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fúgetaréttarins.

Gjörðarþoli heldur því fram, að enda þótt hann hafi dvalið hér hluta nokkurra undanfarinna ára, þá hafi hann ávallt haldið lögheimili sínu á Siglufirði, en eigi flutt það hingað til Reykjavíkur, enda sé það eðlilegt, þar sem hann hafi allan atvinnurekstur sinn á Siglufirði og hafi þar mestra hagsmuna að gæta.

Þessu til stuðnings hefir gjörðarþoli lagt fram kvittaða útsvarsseðla frá Siglufjarðarkaupstað og vottorð sóknarprests um, að hann eigi þar lögheimili. Þá hefir gjörðarþoli lagt fram afrit af manntalsskýrslum í Reykjavík árin 1930—1933 incl., þar sem þess er getið í athugasemdadálki, að lögheimili gjörðarþola sé Siglufjörður, að und-

anskilinni skýrslunni fyrir árið 1932, þar sem engin athugasemd er um, að gjörðarþoli eigi lögheimili á Siglufirði.

Gjörðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gjörðarþoli eigi lögheimili hér í Reykjavík, þrátt fyrir athugasemdirnar á manntalsskýrslunum, enda sé augljóst, hvar lögheimili gjörðarþola sé árið 1932, því að þá sé engin athugasemd um, að gjörðarþoli eigi lögheimili á Siglufirði, en það er einmitt lögheimili gjörðarþola þetta ár, sem skiptir máli

Það sé því augljóst, að aðalheimili gjörðarþola sé í Reykjavík, þar sem hann dvelji mestan hluta ársins, en á Siglufirði dvelji hann að eins að sumarlagi.

Þá heldur gjörðarbeiðandi því fram, að börn gjörðarþola hafi gengið hér óátalið í skóla, og er því ekki mót-mælt af gjörðarþola. Það sé enn fremur upplýst, að gjörðarþoli haldi hér „dúk og disk“ meginhluta ársins og hafi hér ávallt standandi íbúð.

Gjörðarbeiðandi bendir á, að þá sé það einkennandi, að að eins gjörðarþoli Hinrik Thorarensen eigi lögheimili á Siglufirði, en gjörðarþoli Svanlaug Thorarensen eigi þar ekki lögheimili, heldur eigi hún lögheimili í Reykjavík, en gjörðarþoli frú Svanlaug er eigandi húseignarinnar nr. 34 A við Laugaveg, og er hún séreign hennar.

Það er upplýst í máli þessu og játað af gjörðarþola, að þau hafi búið hér í bænum vetrarmánuðina 1930—1932 og fram á árið 1933 og haldið hér „dúk og disk“.

Eftir þeim upplýsingum, sem að framan greinir, er það sannað, að gjörðarþoli Svanlaug Thorarensen á lögheimili hér í bænum og því útsvarsskyld samkv. 8. gr. útsvarslaganna frá 1926.

Það er enn fremur sannað, að gjörðarþoli hefir haldið hér „dúk og disk“ og haft hér standandi íbúð með húsgögnum, tilbúna til innflutnings hve nær sem var.

Eftir þessu verður fógetarétturinn að líta svo á, að gjörðarþoli hafi átt hér lögheimili umrætt ár, og sé útsvarið því réttilega lagt á hann.

